


ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

Félagsfundur
Sólon – 13. desember 2016



ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

Dagskrá:

- Yfirferð á samstarfi við BHM og kjarasamningsmál
- Mögulegar breytingar á lögum Arkitektafélagsins
- Feneyjartvíæringur 2018, þátttaka Íslands

Lög félagsins

HEITI, AÐSETUR OG MARKMIÐ

1. gr.

Félagið heitir Arkitektafélag Íslands, skammstafað A.Í. **Heimili og varnarþing félagsins** er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að góðri byggingarlist, efla samvinnu félagsmanna og standa vörð um hagsmuni þeirra. **Félagið gerir kjarasamninga fyrir félagsmenn sína sem tilheyra kjaradeild og kemur fram fyrir hönd þeirra gagnvart öðrum að því er varðar hagsmuni félagsmanna.**

Lög félagsins

FÉLAGAR, SKYLDUR OG RÉTTINDI

3. gr.

Fullgildir félagsmenn, íslenskir eða erlendir, geta þeir orðið sem hafa lokapróf í byggingarlist frá háskóla eða tækniháskóla, sem félagið viðurkennir.

Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í námi í byggingarlist.

Aðild að A.Í getur verið með eftirfarandi hætti:

1. Aðild að kjaradeild: Fag- og stéttarfélagsaðild þeirra arkitekta sem greiða stéttarfélagsgjöld til A.Í. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í fag- og stéttarfélagsmálum.
2. Aðild að fagdeild: Fagfélagsaðild þeirra arkitekta sem greiða fagfélagsgjald til A.Í. Aðildin veitir réttindi til þátttöku í öllum málum félagsins öðrum en stéttarfélagsmálum.
3. Aukaaðild: Nemendur í arkitektúr

Lög félagsins

Gr 3. framhald

3.3 Félagar 67 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu Sá sem ganga vill í félagið, sendir skriflega beiðni um það til stjórnar félagsins **þar sem kemur fram hvort verið sé að sækja um í kjaradeild, fagdeild eða aukaaðild.** Þegar við á, skal inntökubeiðni fylgja leyfi ráðherra til starfsheitis, arkitekt (húsameistari), sbr. 3. gr. laga um rétt til starfsheitis nr. 62/1986.¹⁾ Inntökubeiðni skal borin upp til samþykktar á næsta stjórnarfundi. Nái inntökubeiðnin samþykki, er umsækjandi upp frá því fullgildur félagsmaður.

Fullgildir félagsmenn noti löggilt starfsheiti, arkitekt (húsameistari) auk skammstöfunarinnar F.A.Í.

¹⁾ Nú: Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, með áorðnum breytingum, síðast breytt 17.02.2000.

Lög félagsins


Gr 3. framhald

Félagsmenn **greiða stéttarfélagsgjöld, fagfélagsgjöld eða útgáfugjöld** eins og þau eru ákveðin á aðalfundi ár hvert. **Þeir sem falla undir aukaaðild að félaginu greiða** útgáfugjald: Stjórn félagsins er heimilt að lækka félagsgjöld fullgilds félagsmanns af tímabundnum ástæðum, fari hann skriflega fram á það við stjórn.

Lög félagsins

15. gr.

Fastanefndir félagsins eru: laganefnd, menntamálanefnd, fagnefnd, markaðsnefnd, samkeppnisnefnd, dagskrárnefnd, siðanefnd og orðanefnd. Þá er kjaranefnd ein af fastanefndum og kemur hún fram fyrir hönd félagsins við gerð kjarasamninga. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn AÍ ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á aðalfundi félagsins. Hætti nefndarmaður störfum á kjörtímabili er stjórn heimilt að tilnefna mann í hans stað að höfðu samráði við sitjandi nefndarmenn. Formaður fastanefndar skal vera úr hópi kjörinna nefndarmanna. Stjórn er jafnframt heimilt að skipa tímabundið starfshópa til að starfa að afmörkuðum tilfallandi málefnum í samvinnu við stjórn. Innan vébanda félagsins starfar auk þess Minningarsjóður Guðjóns Samúelssonar eftir eigin skipulagsskrá.



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

Félagsfundur

13. Desember 2016